



Fjölbrotaskóli Suðurlands

# LEIK2UP05

## Uppsetning - Þjóðleikur

### Kennsluáætlun – vor 2021

**Kennari/ar:** Guðfinna Gunnarsdóttir **Skammstöfun:** GG

**Áfangalýsing:** Unnið verður að uppsetningu leiksýningar frá upphafi til enda, allir nemendur þurfa að taka þátt og velja sig í þau störf sem til falla. Frumsýnt verður í mars/apríl, en hópurinn tekur einnig þátt í leiklistarhátíð í apríl í tengslum við verkefnið Þjóðleik.

**Markmið:** Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Að nemendur kynnist helstu hugtökum varðandi uppsetningu
- Öðlist skilning á ólíkum leiðum sem nýta má við mótun leikverks
- Kynnist innra starfi leikhúss, frá handriti að heildarmynd
- Hvernig hugsa má verk út frá mismunandi sjónarhornum
- Hugmyndavinnu í sambandi við svið og búninga

**Leikni- og hæfniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að setja sig í spor annara í gegnum leik
- Að greina leiktexta
- Að vinna í hópi, meta sitt eigið vinnuframlag og annara
- Að vinna sjálfstætt
- Að tjá sig á skilmerkilegan hátt um efni tengd námskeiðinu
- Að skipuleggja tíma og vinnu

**Námsefni:** Textar og annað efni frá kennara.

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:** Unnið verður jafnóðum með stöðugum æfingum sem kennari metur inn í einkunn. Nemandur vinna eitt lokaverkefni/uppsetningu út frá þeim æfingum sem þeir hafa lært. Nemandur vinna ígrundunarbók sem þeir skrifa í alla önnina, bókin á að endurspeglar skilning á þeim þemum sem tekin eru fyrir í kennslu og upplifuna af frelinu í kringum uppsetningu. Opinn tími í lok annar og uppsetning liggur til grundvallar við mat á framförum á önninni. Nemandur skila ígrundunarbók í lok annar.

**Sérreglur áfangans:** Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma með bros á vör og jákvæðni að leiðarljósi. Tímaástundun spilar stóran þátt í árangri og vinnu. Mikil hreyfing er í áfanganum og því mikilvægt að nemendur mæti í tíma í þægilegum klæðnaði.

**Námsmat:**

Námsmat	Lýsing	Vægi
Vinnulag nemanda	Vinna á önninni miðast við frammistöðu, áhuga og atorkusemi í tímum, einbeitingu, mætingu, framfarir og undirbúning.	80%
Ígrundunarbók	Dagbók þar sem nemendur skrifa um hvað var gert og hvernig nemandi metur það sem lærðist.	20%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar. Guðfinna Gunnarsdóttir.